



REYNSLA AF ÞRÓUNARVERKEFNI Í SKÓLABÚÐNUM Á ÚLFLJÓTSVATNI ÁRIÐ 2017



Jakob Frímann Þorsteinsson

Rannsóknarstofa í tómstundafræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



Reynsla af þróunarverkefni í skólabúðunum á Úlfþjótsvatni

árið 2017

Jakob F. Þorsteinsson

Markmið rannsóknarinnar er að lýsa reynslu og viðhorfum kennara og starfsfólks ÚSÚ af dvöl í skólabúðum á Úlfþjótsvatni með áherslu á gildi og gagnsemi þeirrar dvalar fyrir nemendur, kennara og almennt skólastarf

Rannsóknarstofa í tómstundafræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

September 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ
DEILD HEILSUEFLINGAR, ÍþRÓTTA
OG TÓMSTUNDA

Skýrsla þessi er um

Reynslu af þróunarverkefni í skólabúðunum á Úlfþjótsvatni árið 2017

Heimilt er að afrita skýrsluna með leyfi höfundar.

Höfundur: Jakob Frímann Þorsteinsson jakobf@hi.is

© Rannsóknarstofa í tómstundafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Reykjavík, september 2018

Rafræn útgáfa:

http://menntavisindastofnun.hi.is/tomstundafraedi/utgafa_mat_og_throunarverkefni

ISBN 978-9935-468-17-8

Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR OG MARKMIÐ	5
2.	SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM OG TILLÖGUR.....	6
	SAMANTEKT	6
	TILLÖGUR	8
3.	BAKSVIÐ OG SAMHENGİ.....	11
	ÚTIMENNTUN	11
	SKÓLABÚÐIR Á ÚLFFLJÓTSVATNI.....	13
4.	ÞRÓUNARVERKEFNIÐ JÖRÐ2.....	14
	FRAMKVÆMD.....	14
	ÞÁTTTAKA.....	15
	LÝSING Á ÞÁTTTAKENDUM	16
	<i>Börn - nemendur</i>	16
	<i>Kennarar og starfsfólk ÚSÚ.....</i>	17
5.	NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR.....	18
	VÆNTINGAR OG FORHUGMYNDIR - MEGIN PÆTTIR ÚR FORVIÐTÖLUM	18
	REYNSLA OG ENDURGJÖF - MEGIN PÆTTIR ÚR RÝNIHÓPUM	20
	<i>það sem tókst vel og það sem betur má fara</i>	20
	<i>Megin þemu sem tengjast menntunarlegu gildi.....</i>	23
	Dvöl að heiman og ný hlutverk	23
	Útivera barna	24
	Hópefli, sjálfsefli og sjálfstraust	26
	Tengsl við námskrá og skólastarf	27
6.	LOKAORD	30
7.	HEIMILDASKRÁ	31
8.	VIÐAUKAR	33
	VIÐAUKI 1 - KYNNINGAREFNI UM JÖRÐ2.....	33
	VIÐAUKI 2 - UPPLÝSINGABRÉF TIL SKÓLASTJÓRA UM ÞRÓUNARVERKEFNIÐ	34
	VIÐAUKI 3 – VIÐTÖL FYRIR OG EFTIR DVÖL Í SKÓLABÚÐUM.....	36
	<i>Efnispættir í undirbúningsviðtali.....</i>	36
	<i>Uppbygging viðtala í rýnihóp.....</i>	36
	VIÐAUKI 4 - SKILGREININGAR Á HUGTÖKUM	37
	VIÐAUKI 5 - MYNDIR	38
	<i>Dæmi um úrvinnslu nemenda í skólanum eftir dvöl í skólabúðunum</i>	38

1. Inngangur og markmið

Á fyrri hluta árs 2017 ákváðu Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS) og Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni (ÚSÚ) að fara af stað með þróunarverkefni til þess að mæta betur þörfum skólanna og auka þáttöku í skólabúðunum. Leitað var til Háskóla Íslands um að vinna rannsókn á þessu verkefni. Verkefnið fékk heitið Jörð2 og er nánari lýsing á því í viðauka 1. Um er að ræða dvöl fimm skóla í skólabúðunum á Úlfljótsvatni haustið 2017. Sett var saman sérstök dagskrá Jörð2 fyrir nemendur í 6. bekk. Skýrslan byggir á rýnihópaviðtölum við kennara og leiðbeinendur skólabúðanna, vettvangsheimsóknum og umfjöllun um skólabúðir í víðara samhengi.

Markmið rannsóknarinnar er að ***lýsa reynslu og viðhorfum kennara og starfsfólks ÚSÚ af dvöl í skólabúðum á Úlfljótsvatni með áherslu á gildi og gagnsemi þeirrar dvalar fyrir nemendur, kennara og almennt skólastarf.***

Undirmarkmið eru að:

- Leggja mat á gagnsemi og gæði skólabúðanna á Úlfljótsvatni og tengsl þess starfs við almennt skólastarf nemenda í 5. bekk
- Öðlast innsýn í hvað er gert, hvers konar reynsla eða nám kennrar og starfsfólk telur að eigi sér stað og hvernig má þróa þetta svið náms og menntunar
- Fanga reynslu og sjónarmið fagfólks

Rannsóknin var unnin af Jakob F. Þorsteinssyni sem tók öll viðtöl, fór í vettvangathuganir og greindi fyrirliggjandi gögn. Anna Margrét Tómasdóttir lagði til sérfræðipekkingu varðandi ýmsa þætti um skólabúðir en hún hefur unnið að rannsókn á skólabúðum (ungmennabúðum) síðastliðin ár (Anna Margrét Tómasdóttir, 2017) og er einnig forstöðumaður Ungmenna- og tómstundabúðanna á Laugum, ásamt því að þekkja vel til skátastarfs. Rannsókn Önnu Margrétar markar nokkur tímamót í rannsóknum og fræðilegri umfjöllun á þessum þætti menntunar.

2. Samantekt á niðurstöðum og tillögur

Samantekt

Rannsóknin byggir í grunninn á fimm *viðtölum* við kennara í skólunum þeirra fyrir ferð, *vettvangsheimsókn* á Úlfljótsvatn á meðan á dvöl skólanna stóð og þrem *rýnihópaviðtölum* nokkru eftir að heim var komið.

Fyrst er eðlilegt að spyrja *hvort að skólabúðirnar á Úlfljótsvatni henti þeim aldurshópi* sem um ræðir þ.e. nemendum í 5. bekk. Algengar er að nokkuð eldri nemendur dvelji í skólabúðum (sbr. 7. bekkur á Reykjum og 9. bekkur á Laugum). Það er nær einróma álit allra sem þáttóku í rýnihópum að dvöl að heiman í two daga fyrir börn í 5. bekk væri mjög gagnleg. Það hentaði vel þessum aldurshópi og gæfi börnunum kost á að takast á við áskoranir sem efli þau sem einstaklinga og hópa.

Fjölmargar gagnlegar ábendingar komu fram um *framkvæmd skólabúðanna*; það sem vel var gert, og sérstaklega það sem betur má fara. Þessi gagnrýni var mjög skýr og kallað á að rýna þarf með markvissum hætti í vinnulag við undirbúning og framkvæmd skólabúðanna. Góð mönnun, reynsla og þekking starfsmanna ÚSÚ er lykilþáttur í að vel takist til, sem og hentug aðstaða á Úlfljótsvatni til að mæta þörfum nemenda og kennara. Segja má að hér birtist vandi hálf-formlegs starfs (e. non-formal educational structure) því að það starf þarf að geta veitt þjónustu og haldið út starfsemi (t.d. fyrir skóla- og frístundastarf) til langa tíma litið en byggir oft fjárhagslegan grunn sinn á samningum til skamms tíma eða er rekið á verkefnagrunni. Þessu til viðbótar er starfið oft og tíðum byggt á virkni og þátttöku sjálfboðaliða. Sú klemma sem hér er lýst birtist í þróunarverkefninu Jörð2 þegar ÚSÚ þurfti með skömmum fyrirvara að ráða inn starfsfólk í skólabúðirnar og takmarkaður tími var til að undirbúa og þjálfa starfsfólk. Mikilvægt er því að opinberir aðilar, bæði ríki og borg, skapi faglegar og fjárhagslegar forsendur fyrir því að skólabúðir eins og ÚSÚ geti starfað til lengri tíma litið. Það er raun forsenda þess að hægt sé reka faglegt menntunarlegt starf til langa tíma litið.

Í máli viðmælenda kom einnig fram umræða um ýmis *álitamál* er varðar undirbúning og þátttöku nemenda í skólabúðum s.s. varðandi fjárhagslegar hindranir, sérstöðu innflytjenda, vinnu með hópinn fyrir og eftir dvölinu og það að allnokkrir einstaklingar þurftu að fara heim

áður en dvölinni lauk. Mjög mikilvægt er að tryggja það eins og frekast er unnt að allir nemendur eigi raunverulega kost á að taka þátt óháð fjárhagslegri stöðu, félagslegum aðstæðum, fötlun eða annars.

Fjórir þættir er tengjast **menntunargildi skólabúðanna** koma sterkast fram í viðtölunum og þeir eru:

1. **Dvöl að heiman og ný hlutverk.** **Það að dvelja að heiman í tvær nætur var mikil áskorun fyrir marga. Að takast á við heimþrá og standa á eigin fótum í hópi jafnaldra var líklega stærsta áskorunin.**

Þessar aðstæður reyna mikið á þann stuðning og umhyggju sem kennrar og leiðbeinendur þurfa að veita nemendum og gerir kröfur til þeirra um að takast á við ný hlutverk. Þessar aðstæður, að dvelja saman að heiman með jafnöldrum á svæði sem er framandi, gefur kost á fjölbættum tækifærum til aukinnar félagsfærni og sjálfsþekkingar og fagfólk fær fjölmörg tækifæri til að vinna með menntandi hætti út frá reynslu hópsins og einstaklinganna.

2. **Útivera. Börnin voru mikið úti í fjölbreyttum verkefnum. Kennrar voru mjög ánægðir með mikla og heilbrigða útiveru og að nemendur ættu kost á að leika og læra í náttúrunni.**

Margt bendir til þess að útivera barna sé almennt að minnka og því er það eitt og sér að börnin séu mikið úti í náttúrulegu og ævintýralegu umhverfi í nokkra daga mjög mikilvægt. Það getur verið hvatning til þess að þau sé meira úti, en erlendar rannsóknir benda til mjög til jákvæðra áhrifa útiveru m.a. á tengsl við náttúru og bætta heilsu (Wells og Evans 2003, Louv, 2005; Rivkin og Schein, 2014).

3. **Hópefli, sjálfsefli og sjálfstraust. Skýrt kom fram þegar rætt var um ávinning barnanna af dvölinni að kennrar töldu áhrifin vera sterkest á hópinn og tengslin milli nemenda.** Þátttakan styrkti bekkjarandann og þétti hópinn annars vegar og gaf líka einstaklingum tækifæri til að vaxa. Það eykur sjálfstraust að sigrast á því að sofa að heiman, og í sumum tilfellum í fyrsta skiptið á ævinni. Kennararnir nefndu einnig að lærðómsríkt hafi verið að sjá hópinn og einstaklingana í öðru ljósi í nýjum aðstæðum. Þessar aðstæður gáfu nemendum kost á að reyna sig í nýjum hlutverkum og axla ábyrgð.

4. **Tengsl við námskrá og skólastarf.** Ýmis sjónarmið komu fram varðandi hvaða þætti væri mikilvægt að leggja áherslu á í skólabúðunum. Í þróunarverkefninu Jörð2 var markmiðið að efla námsþáttinn náttúruvísindi í dagskránni samhliða öðrum þáttum. Dagskráin tengist ýmsum námgreinum að mati kennara, m.a. náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni. Þegar litið er á ýmsa þætti námskrár þá telja kennarar að reynsla af þátttöku í skólabúðum „þétti hópinn“ og að unnið sé með samskipti og félagsfærni. Einnig að rík áhersla sé á heilnæma útiveru og að þessi reynsla eflí trú nemenda á sig sjálf. Þessir þættir eru í sérstökum samhljómi við fjóra af fimm þáttum sem fram koma í drögum að nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar¹. Þar er lögð megináhersla á fimm þætti í formlegrí og óformlegrí menntun barna og ungmenna, en þeir eru: **félagsfærni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði.** Mikilvægt er að starfið í skólabúðunum taki mið af þessari stefnumótun þannig að það sé í takt við áherslur Reykjavíkurborgar í skóla- og frístundastarfi.

Tillögur

A) Undirbúnингur, framkvæmd og fyrirkomulag

Lagt er til að **þróaðar verði leiðir sem feli í sér formlegrí samvinnu (og samtal) milli ÚSÚ og hvers skóla fyrir dvöl í skólabúðunum.** Þar verði m.a. rætt um þarfir hópsins, væntingar, áherslur í dagskrá, ábyrgð kennara og leiðbeinenda í skólabúðunum og ýmislegt fleira til að skýra stöðu beggja faghópanna og efla samvinnu þeirra. Reynsla og þekking starfsmanna ÚSÚ er lykilþáttur þannig að vel takist til í dagskránni, sem og hentug aðstaða á Úlfþjótsvatni til að mæta þörfum nemenda og kennara.

Huga þarf betur að því hvernig staðið er að undirbúnungi og framkvæmd skólabúðanna. Ýmis atriði er varðar daglegt verklag þarf að þróa þannig að mál er snúa að matartínum, umsýslu hópanna og dagskrá séu markvissari og skipulagðari.

¹ Sjá drög að *Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 „Látum draumana rætast“*

á https://reykjavik.is/sites/default/files/menntastefna_reykjavikur_250418_drog_til_umsagnar.pdf

Kennrarar voru undir miklu á lagi þegar þeir dvöldu með nemendum í skólabúðunum, m.a. vegna þess að nemendur á þessum aldri þurfa mikinn stuðning og umhyggju þegar dvalið er að heiman. **Skapa þarf aukið svigrúm fyrir kennara til að hvílast betur þannig að þeir séu vel í stakk búin til að sinna hlutverki sínu.**

Leita þarf allra leiða til að gefa öllum nemendum kost á að taka þátt í skólabúðum. Vísbendingar eru um að börn af erlendum uppruna taki síður þátt. Kostnaður eða menningarlegar hindranir mega ekki standa í vegi fyrir því að nemendum gefist kostur á að fara í skólabúðir.

B) Umhyggja, stuðningur og eftirvinnsla

Það er mikil áskorun fyrir 10 ára börn að dvelja að heiman á svæði sem er nýtt og þeim ókunnugt. **Dagskrá þarf að taka mið af því og skapa umhyggjusamt og styðjandi umhverfi með skýrum ramma.** Sem lið í undirbúningi fyrir dvöl nemenda í skólabúðunum væri gagnlegt að koma á því fyrirkomulagi að starfsmenn ÚSÚ hitti hópinn á undan í skólanum, séu í góðu sambandi við kennarana og ræði vel um markmið og áherslur fyrir dvöl. Staða og þarfir þeirra bekkja sem ætla að taka þátt í skólabúðum er eðlilega mismunandi og það væri mjög vænlegt til að styrkja gæði þessa starfs ef tryggt yrði fé og svigrúm til samtals fyrir ferð þar sem markvisst væri rætt um væntingar, markmið og mögulegar áherslur í komandi dvöl. Þessi tengsl á milli fagfólksins í ÚSÚ, kennaranna og nemendanna gefur **traustari grunn til að vinna jafnvel markvissar og dýpra með reynslu nemenda þegar heim er komið.** Slík reynslumiðuð vinna styrkir mjög menntunarlegan ávinning af dvöl í skólabúðum. Lagt er til **að teknar verði saman hugmyndir að skapandi verkefnum og leiðum** til að vinna úr reynslu af dvölinni í skólabúðunum, sem kennrarar gætu nýtt með nemendum.

C) Tími árs og lengd

Mikilvægt er að halda í það að dvöl í skólabúðunum sé tvær nætur. Ef litið er til erlendra rannsókna þá falla rök frekar að því að lengja dvölinna en stytta (Higgins og Nicol 2002:13). Gott er að dvelja í skólabúðum á haustin en mikilvægt að kennrarar hafi aðeins kynnst bekkjum sínum áður en lagt er af stað, sérstaklega ef kennrarar eru að taka við nýjum bekkjum eða eru sjálfir að fóta sig í nýju og krefjandi starfi. Fyrir þær ferðir sem farið er í að hausti þarf að byrja

undirbúning að vori m.t.t. foreldra, til að skapa jákvæða stemmingu í beknum og til að stuðla að þátttöku sem flestra.

D) Dagskrá og áherslur í starfi skólabúðanna

Kennrar og leiðbeinendur ÚSÚ eru mjög meðvitaðir um að dvölin í skólabúðum geti styrkt hópinn í heild og skapað fjölmörg tækifæri fyrir nemendur að vinna persónulega sigra. Dagskráin þarf að fela í sér skemmtileg og lærdómsrík viðfangsefni sem stuðla að þessu. Skátarnir hafa langa reynslu og traustan hugmyndafræðilegan grunn til að vinna með fjölbreytt viðfangsefni og skapa styðjandi umgjörð fyrir þessar áherslur. **Að vinna með skapandi hætti með hópefli, félagsfærni, að styrkja sjálfsmynd og að skapa jákvæða upplifun og ríkulega útiveru á að vera kjarninn í starfinu því þá er unnið með styrkleika skátaheyfingarinnar og reynslumikilla skáta.**

Vænlegt er einnig að **bjóða skólunum upp á val um ákveðin þemu** eða áherslur í starfinu til viðbótar við fyrrgreinda grunnþætti. Kjörið er að ræða og útfæra slíkt í samtali milli kennara og umsjónarmanna skólabúðanna.

Hugsanleg þemu gætu verið náttúruvísindi, leiðtogaþjálfun og tómstundamenntun en fjölmörg önnur þemu koma sannarlega til greina. Velja þarf þemu sem er á sérsviði fagfólks ÚSÚ og eru mikilvægt fyrir menntun á 21. öldinni.

Skátatarf er hluti af skipulögðu tómstundastarfi á Íslandi og hefur uppedislegt gildi. Rannsóknir sýna að virk þátttaka barna í tómstundastarfi hefur jákvæð áhrif og forvarnarlegt gildi (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2009). Mikilvægt er að skoða það vel í samvinnu við skóla- og frístundasvið hvort ekki sé mögulegt að gefa þeim nemendum sem taka þátt í skólabúðunum **markvissari innsýn eða upplifun af skátastarfi** á meðan á dvöl þeirra stendur.


Einnig væri hugsanlegt að ÚSÚ gefi skólanum kost á að leigja aðstöðuna á Úlfþjótsvatni en öll dagskrá væri í umsjón starfsfólks skólanna.

3. Baksvið og samhengi

Orðræða um nám og starf úti með börnum er enn að mótað á Íslandi og smáum saman eru við að öðlast sameiginlegan skilning á merkingu mikilvægra hugtaka í þessari orðræðu. Lykilhugtök í þessar umfjöllun eru: Skólabúðir, útivera, útilíf, útinám, útkennsla og ævintýranám. Byggt er á skilgreiningu Önnu Margrétar Tómasdóttur (2017:12) á hugtakinu **skólabúðir** sem er notað um búðir sem fyrst og fremst eru reknar yfir vetrartímann í tengslum við skólastarf og taka á móti nemendum á skólatíma. Í *viðauka 4* er listi yfir skilgreiningar ýmissa hugtaka eins og þau eru notuð í skýrslunni. Hér er þó ekki verið að segja að þessar skilgreiningar séu þær einu réttu, en hugtökin eru notuð með þessum hætti í skýrslunni.

Útimenntun

Að dvelja að heiman í skólabúðum er eitt svið útináms (e. Outdoor learning). Erfitt getur reynst að sjá heildarmyndina þegar fjallað er um útinám og skólastarf. Á mynd 1 er líkan sem er hjálplegt fyrir fagfólk í skólum og skólabúðum til að sjá þessa heildarmynd.



Mynd 1. *Stigvaxandi upplifun og reynsla nemanda í gegnum útinám. (Higgins og Nicol, 2002:44).*²

² Student's progressive path of experiences from outdoor education.

Númerin á mynd 1 vísa til eftirfarandi:

- (1) **Nemandinn** sem er á leiðinni út
- (2) **Skólalóðin** – tækifæri til að þróa útinám í kunnuglegu og öruggu umhverfi
- (3) **Hverfið og borgin** – gefur mörg tækifæri til að auka við útinámið (t.d. garðar, útvistarsvæði)
- (4) **Dvöl að heiman** – tækifæri til útináms sem fela í sér lengri dvöl, meiri áskorun (t.d. dvöl í skólabúðum, útilegur og ferðalög)

Markviss vinna með útinám á þessum þrem sviðum stuðlar að því að (5) nemandinn hafi öðlast upplifun og skilning á náttúrunni og manngerðu umhverfi þannig að **hann geti lifað með sjálfbærum** hætti á jörðinni (Higgins og Nicol, 2002:43)

Hafa ber í huga að enska hugtakið útimenntun (e. Outdoor education) er flókið hugtak á sviði kennslufræða og er víðfeðmt bæði er varðar innihald og samhengi (Rickinson, Dillon, Teamey Morris, Choi, Sanders og Benefield, 2004:15). Þess má sjá stað m.a. í skilgreiningum eins og að útinám sé „nám fyrir, um og í náttúrunni³“ (Donaldson og Donaldson 1958:17).

Útinám er þverfaglegt viðfangsefni sem vaxið hefur mjög víða um heim á liðnum áratugum. Skilgreiningar á útinámi taka mið af sjónarhóli þess sem setur þær fram og eru því mjög ólíkar. Þau svið þekkingar og/eða hæfni sem unnið er með í útimenntun eru einkum þrjú:

- 1) að skilja vistfræðileg tengsl í umhverfinu
- 2) að þroska líkamlega færni
- 3) að þroska samskiptafærni og tengsl við sjálfan sig og aðra (Gilbertson o.fl., 2006:5-6)

Litið er á útimenntun sem yfirhugtak sem felur m.a. í sér það sem í skólum er t.d. kallað ferðalög (m.a. að fara í skólabúðir), útilegur, vettvangs- og útvistarferðir, umhverfisnám, grenndarnám og útikennslu, og aðgreinist í höfuðatriðum frá annarri kennslu og námi af staðsetningu sinni.

³ In, about and for the outdoors

Skólabúðir á Úlfljótsvatni

Upphaf skólabúða á Úlfljótsvatni má rekja til ársins 1992, en þá var öllum 7. bekkjum grunnskóla Reykjavíkur boðið að taka þátt í tveggja daga ókeypis skólabúðum þar. Það var Jónas B. Jónasson, þáverandi formaður Úlfljótsvatnsráðs, sem kom búðunum á. Tvær bekkjardeildir gátu verið á staðnum í einu og gert var ráð fyrir 60 bekkjardeildum á vorönninni. Skólabúðirnar voru samstarfsverkefni á vegum Reykjavíkurborgar, skólanna og skátaþreyfingarinnar í tengslum við námsefnið *Tilveruna*. Námsefnið Tilveran var kennt eina kennslustund á dag, ásamt því að boðið var upp á fræðsluferð til Nesjavalla. Þá var mikið lagt upp úr samvinnuverkefnum og leikjum og að kynna nemendum gildi útvistar og efla virðingu þeirra fyrir náttúrunni (Sigurður Jónsson, 1992). Að ná tökum á tilverunni, eða Tilveran, er samstarfsverkefni Lionsþreyfingarinnar á Íslandi og Námsgagnastofnunar til margra ára og er ætlað 11–14 ára nemendum (Lions á Íslandi, e.d.). Markmið verkefnisins er að hjálpa ungu fólk að þroska með sér jákvæða félagslega hegðun, sjálfsstjórn, ábyrgð, dómgreind og hæfileika til að umgangast aðra (Bára Jóhannsdóttir og Erla Björk Steinarsdóttir, 1996). Skátarnir hófu síðan rekstur á eigin skólabúðum á Úlfljótsvatni 1996 og sendu þá allir grunnskólar í Reykjavík nemendur í búðirnar. Breyting varð á þessu 2005 þegar það varð valkvætt hvernig skólarnir nýttu fjármagn til slíkra hluta og aðsóknin dróst þá nokkuð saman. (Anna Margrét Tómasdóttir 2017). Haustið 2015 breyttust síðan áherslur í starfi skólabúðanna og dagskráin var endurbætt. Aðaláherslur skólabúðanna voru árið 2017 á útvist og útinám sem byggt er á grunnþáttum menntunar. Í gegnum hreyfingu, útvist og reynslunám fá nemendur tækifæri til að vinna saman og efla samvinnu sín á milli. Skólar geta valið dvalarlengd og stendur valið á milli þess að koma í two, þrjá eða fimm daga með nemendur í 4.–8. bekk. Skólabúðirnar geta tekið við 60 manns í einu. Árlega koma 400–500 börn í skólabúðirnar. Helstu markmið skólabúðanna eru að gefa nemendum tækifæri til að læra um náttúru og umhverfismál, stunda útvist, takast á við áskoranir og njóta leikja, ásamt því að efla samkennd, samskiptafærni, gagnkvæm tengsl og virðingu. Þá er mikið lagt upp úr heilbrigðu lífneri, hópefli og samstarfi (Úlfljótsvatn skólabúðir, 2016). Dagskrá skólabúðanna er byggð á markmiðum skátaþreyfingarinnar, sem er lykilinn að skástarfi, og er byggt upp af sjö mismunandi þáttum sem vinna saman að því að skapa virkt og skemmtilegt lærdómssamfélag. Þessir þættir eru: stuðningur fullorðinna, reynslunám, flokkakerfið,

táknrænn rammi, náttúra, framfarir einstaklingsins og skátalögin og skátaheitið (Benjamín Axel Árnason og Ólafur Proppé, 2014; Útilífsmiðstöð skáta Úlfþjótsvatni, 2016).⁴

4. Þróunarverkefnið Jörð2

Lýsingu á þróunarverkefninu Jörð2 er að finna í *viðauka 1* og upplýsingabréf til skólastjóra er í *viðauka 2*. Þar kemur fram inntak og markmið þessa þróunarverkefnis.

Þróunarverkefni Jörð2 var framkvæmt við nokkuð sérstakar aðstæður í starfi ÚSÚ. Upphaflega var lagt á ráðin með verkefnið í febrúar 2017 og það þráð á vormánuðum af starfandi dagskrárhönnuði ÚSÚ og framkvæmdastjóra og kynnt fyrir fimm skólum. Miklar breytingar urðu svo á starfsmannahaldi ÚSÚ síðla sumars 2017 eftir að bæði framkvæmdastjóri og dagskrárhönnuðurinn réðu sig til annarra starfa. Með skömmum fyrirvara var ráðið inn nýtt starfsfólk til keyra skólabúðirnar, sem þurfti á mjög skömmum tíma að koma sér inn í krefjandi verkefni sem þau höfðu ekki tekið sjálf þátt í að móta og undirbúa. Segja má að við þessar aðstæður hafi þau staðið sig mjög vel en skammur undirbúningstími, og að mörgu leiti óljós hlutverka- og ábyrgðarsvið, hafi haft veruleg áhrif á framkvæmd skólabúðanna sem einkum birtist í ýmsum ábendingum um fyrirkomulag og vinnulag sem líklegt má telja að koma hefði mátt í veg fyrir með meiri undirbúningi.

Framkvæmd

Haldnir voru fundir (forviðtöl) fyrir dvöl í skólabúðunum í öllum skólunum með kennurum og öðrum þeim starfsmönnum sem fara áttu í skólabúðirnar, ásamt tveimur starfsmönnum ÚSÚ og rannsakanda.

Rýnihópaviðtöl (RHV) fóru fram að lokinni dvöl í október og nóvember 2017 í húsnæði Menntavísindasviðs. Notaður var hálfopinn spurningarammi, sjá lýsingu í *viðauka 3*.

⁴ Textinn er unnin uppúr M.Ed. ritgerð Önnu Margrétar Tómasdóttir sem vann rannsókn á Ungmenna og tómstundabúðum á Laugum í Sælingsdal og kynnti sér vel sögu skólabúða víða um land.

Í töflu 1 má sjá tímasetningar og lengd rýnihópaviðtala:

Rýnhópaviðtal	Hvenær	Lengd viðtals
RHV 1 við kennara vegna skólabúða	10. okt. 2017	73 mín.
RHV 2 við kennara vegna skólabúða	17. okt. 2017	61 mín.
RHV 3 við starfsmenn skólabúða	2. nóv. 2017	63 mín.

Tafla 1: Tímasetningar og lengd rýnihópaviðtala

Forviðtölin og rýnihóparnir voru hljóðrituð, afrituð og greind. Í niðurstöðum er fjallað um helstu efnisþætti viðtalanna og þau þemu sem birtast í viðhorfum kennara og leiðbeinenda.

Viðtal við rýnhóp er árangursrík aðferð til að safna göngum með hálf-opnum spurningum. Rýnhópnum var ætlað að ræða ýmsar hliðar þess að dvelja í skólabúðum og leggja mat á dvölin (m.a. hvað tókst vel, hvað má betur fara) og segja frá sínum skoðunum á því hvaða gildi dvöl í skólabúðunum hafi fyrir nemendur. Skýrsluhöfundur, sem leiddi viðtölin, reyndi eftir fremsta megni að kalla fram ólíkar skoðanir með því að segja að öll sjónarmið væru leyfileg.

Þátttaka

Í töflu 2 er yfirlit um heildarfjölda drengja og stúlkna sem tóku þátt í skólabúðunum.

Skóli	Fjöldi sem fór		Fjöldi sem fór ekki		Fór heim	
	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur	Drengir
Vesturbæjarskóli	32	27	1	1	4	1
Austurbæjarskóli	23	31	1	6	1	
Rimaskóli	31	19	0	6		2
Breiðagerðisskóli	24	36		2	1	1
Hólabrekkuskóli ⁵						
Samtals	110	113	2	15	6	4

Tafla 2: Heildarfjöldi drengja og stúlkna sem tóku þátt í skólabúðunum

⁵ Ekki reyndist unnt að fá nákvæmar upplýsingar um kynjaskiptingu og fjölda nemenda frá Hólabrekkuskóla.

Það vekur athygli að samtals 27 nemendur annað hvort komu ekki í skólabúðirnar eða fóru fyrir heim. Það kann að hafa áhrif að þátttakendur eru ungar og glíma meira við heimþrá en þeir sem eldri eru. Mjög mikilvægt er að huga vel að því með hvaða hætti er hægt að stuðla að þáttöku allra nemenda. Kennarar voru beðnir að greina þær ástæður sem lágu að baki því að nemendur annað hvort komu ekki með eða þurftu að fara fyrir heim.

Ástæður fyrir að fara ekki í skólabúðirnar

Ýmsar ástæður eru nefndar fyrir því að samtals 17 nemendur tóku ekki þátt og má þar nefna persónulegar aðstæður (6), voru erlendis eða á ferðalagi (3), vildi ekki fara (1), hafði ekki áhuga (1), veikindi (1), var haldinn sjúkdómi sem gerir það að verkum að hann getur ekki sofið innan um aðra (1), fjölbreyttar ástæður (6 - en þessir nemendur eiga það sameiginlegt að vera af erlendu bergi brotnir), ástæður óljósar (2 - en þessir nemendur eru félagslega einangraðir, fjárhagur bágborinn, ekki tilbúnir að dvelja án foreldra), tekur ekki þátt í ferðum vegna fjölpætts vanda í samskiptum og höndlar illa breytingar á aðstæðum (1), var ekki tilbúinn að gista utan heimilis (1). Kennarar, í samstarfi við foreldra, leituðu ýmissa leiða við að styðja börnin til þáttöku og dæmi var um að nemendur sem voru nýir í skólanum, og treystu sér ekki að gista, voru sóttir að kvöldi og keyrð á Úlfhljótsvatn næsta morgun.

Ástæður fyrir að fara fyrr heim úr skólabúðunum

Ýmsar ástæður voru fyrir því að samtals 10 nemendur fóru fyrr heim úr skólabúðunum, t.d. heimþrá (4), vitað fyrirfram að nemandi myndi aðeins vera einn dag (enga nótt vegna aðskilnaðarkvíða), erfið hegðun (2), veikindi (1) og ósætti (1).

Lýsing á þátttakendum

Börn - nemendur

Alls tóku um 280 (223 + áætlaður fjöldi nemenda úr Hólabrekkuskóla) nemendur í 5. bekk þátt í skólabúðum og var hlutfall kynja svipað. Eins og gefur að skilja þá var nemendahópurinn fjölbreyttur og m.a. voru einhverfir nemendur, nemendur sem voru nýbyrjaðir í viðkomandi skóla, innflytjendur og nemendur með veruleg hegðunarvandamál.

Kennarar og starfsfólk ÚSÚ

Við rannsókn á skólabúðunum var rætt við 19 manns (4 karlar og 15 konur) sem komu með einum eða öðrum hætti að þessu verkefni. Samtölin fóru fram í heimsóknum í skólana fimm stuttu fyrir dvöl þeirra á Úlfþjótsvatni og í þremur rýnihópum nokkru eftir heimkomu. Flestir viðmælenda voru kennarar en einnig var rætt við starfólk skólabúðanna og aðra starfsmenn sem komu með skólahópunum, s.s. skólaliða. Starfsaldur viðmælenda var frá því að vera nýbyrjaðir í starfi til þess að hafa starfað í 15 ár, og þeir voru á aldrinum 24-56 ára. Í skýrslunni er leitast við að kalla starfsmenn skólanna kennara eða skólaliða en starfsmenn skólabúðanna leiðbeinendur og sjálfboðaliða.

5. Niðurstöður og umræður

Væntingar og forhugmyndir - megin þættir úr forviðtolum

Skólarnir sem tóku þátt í verkefninu áttu kost á að fá heimsókn frá ÚSÚ til nemenda og kynningu á því sem í vændum var og nýttu nokkrir skólar sér það. Haldnir voru fundir í öllum skólunum með kennurum og öðrum þeim starfsmönnum sem fara áttu í skólabúðirnar, ásamt tveimur starfsmönnum ÚSÚ og rannsakanda. Þar var rætt um væntingar til verkefnisins, dvalarinnar í skólabúðunum og dagskrárinnar, undirbúnинг fyrir ferð, hlutverk og ábyrgð kennara og leiðbeinenda, forhugmyndir um gagnsemi fyrir nemendur og áform um að vinna með reynsluna eftir dvölina.

Almennt voru kennarar með jákvæðar væntingar til verkefnis og dvalarinnar í skólabúðunum á Úlfþjótsvatni. Þróunarverkefnið hafði verið kynnt með ýmsum hætti í skólunum og mismikið samráð haft við kennara varðandi þáttöku. Í sumum skólum tók skólastjóri einn ákvörðun um þáttöku, einnig tók stjórn skólans ákvörðun um þáttöku og sum staðar hafði verkefnið verið kynnt fyrir teymi kennara og þeir tekið ákvörðun um þáttöku.

Það var gagnlegt fyrir alla aðila að fara yfir ýmis mál fyrir ferð og það er mat rannsakanda að það sé mjög vænlegt að taka þetta upp sem vinnulag fyrir ferð. Starfsmenn ÚSÚ fóru yfir dagskrána, kynntu þau þrjú verkefni í náttúrvísindum sem unnin yrðu í stöðvavinnu og ræddu um hlutverk kennara og leiðbeinenda ÚSÚ. Kennarar áttu að sjá um eina stöð sem var skipulögð af leiðbeinendum ÚSÚ. Þessi tilhögun byggir á niðurstöðum erlendra rannsóknna á skólabúðum⁶ þar sem það þótti styrkja yfirfærslu þekkingar nemenda að virkja með markvissari hætti kennara inn í dagskrá skólabúða.

Kennarar voru mjög meðvitaðir um ábyrgð sína í ferðum sem þessum og í máli þeirra komu fram áhyggjur því á lagi sem fylgdi því að vera virkir í dagskrá, sjá um nemendur í matmálstínum, bera ábyrgð á kvölddagskrá að mestu og sjá um að koma þeim í háttinn. Í tengslum við umræðu um hlutverk og ábyrgð var m.a. rætt um kjaramál og launagreiðslur til kennara vegna ferðalaganna. Góð umræða var um hlutverk leiðbeinenda ÚSÚ og kennara og

⁶ Sjá um Brilliant residential á Learning away á www.learningaway.org.uk/residential

var leitast við á fundunum að ræða og skýra út þau mál. Í máli kennara kom fram þeir álitu hlutverk sitt vera að *gæta að velferð nemenda, halda vel utan um hópinn, passa að ekkert týndist og að sjá til þess að nemendur færur eftir reglum.*

Væntingar kennara varðandi ávinnung nemenda var að ferðin væri mikið hópefli fyrir nemendur, myndi þetta hópinn og styrkja samheldni nemenda og skapa ný vináttubönd. Einnig væntu þeir þess að nemendur yrðu meðvitaðri um náttúruna og þá þætti sem vinna átti með eins og vatn, eld, umhverfismál o.fl. Kennrarar töluðu um að í skólabúðum væri unnið með sambættingu námsgreina og að sú reynsla sem nemendur gætu öðlast tengist m.a. samfélagsfræði, íþróttum (hreyfing), íslensku, lífsleikni og náttúruvísindum.

Sá nemendahópur sem tók þátt í skólabúðunum var fjölbreyttur og á sumum fundum var rætt um áhyggjur af einstökum nemendum sem og að allnokkur hópur nemenda væri hikandi við að fara m.a. vegna *kvíða* og vegna þess að þeir hefðu aldrei gist að heiman. Staða *innflytjenda* var þónokkuð rædd og lýstu kennrarar áhyggjum sínum af því að erfiðlega gengi að fá þá til að koma með. Ýmsar ástæður lágu þar að baki; m.a. þekkingarleysi og viðhorf foreldra, þörf á upplýsingum um skólabúðirnar á öðrum tungumálum en íslensku, peningaleysi og að sum börn ættu ekki búnað til svona ferða. Innflytjendur væru aftur á móti mjög mikilvægur markhópur í ferðum sem þessum, m.a. vegna félagslegra áhrifa, sem og að mikilvægt væri að kynna þá fyrir og kenna um náttúru Íslands og gefa þeim kost á að upplifa ánægjulega útiveru og útivist.

Kennrarar voru nokkuð jákvæðir varðandi það að vinna úr ferðunum með einhverjum hætti þegar komið væri aftur heim í skólann en áform um með hvaða hætti voru lítið rædd.

Reynsla og endurgjöf - megin þættir úr rýnihópum

Þegar viðtölin eru lesin, afrituð og greind koma fram þemu og mynstur í umræðum viðmælenda. Í kaflanum hér að framan um *samantekt á niðurstöðum og tillögur* er menntunarlegt gildi dvalar í skólabúðum sett fram í fjórum þáttum: (1) *Dvöl að heiman -* (2) *Útivera -* (3) *Hópefli, sjálfsefli og sjálfstraust -* (4) *Tengsl við námskrá og skólastarf.* Þessir fjórir þættir eru samantekt á þemum sem fram koma í rýnihópaviðtölum við kennara og leiðbeinendur.

Í framsetningu á eftirfarandi niðurstöðum og umræðu um þær er valin sú leið að skipta umfjölluninni í two hluta. Í fyrri hlutanum er dregið saman í punkta hvað tókst vel og hvað má betur fara. Í síðari hlutanum er rætt um fyrrgreinda fjóra þætti sem tengjast menntunarlegu gildi dvalarinnar með vísan í raddir viðmælenda.

Það sem tókst vel og það sem betur má fara

Í rýnhópaviðtölum var rætt ítarlega um hvað viðmælendum fannst takast vel og hvað má betur fara í varðandi dagskrá, fyrirkomulag, samskipti milli fagfólks og annað. Leiðbeinendur ÚSÚ, sem báru hita og þunga af framkvæmd dagskrár, tóku við þessu verkefni með skömmum fyrirvara. Í raun voru þeir settir inn í erfiðar aðstæður við að framkvæma nýja og metnaðarfulla dagskrá með fjölmennum hópi nemenda. Viðfangsefnið var í megin atriðum tvíþætt; annars vegar *samvera og hópefli* og hins vegar *náttúruvísindi og sjálfbærni*. Dagskráin var mjög þétt og það tók nokkur skipti að þróa hana og bæta. Í viðtölum við leiðbeinendur kemur skýrt fram að þeir átta sig vel á þeim áskorunum sem þeir stóðu frammi fyrir, greindu skynsamlega ýmsa erfiðleika við framkvæmdina og leituð margra leiða við að bæta þá þætti.

Eftirfarandi þættir voru nefndir í rýnhópaviðtölum og samtölum í vettvangsheimsóknum.

Tókst vel:

- Krakkarnir voru almennt mjög ánægðir
- Voru mjög mikið úti og upplifðu náttúruna
- Börnunum var skipt þvert á bekki, kynntust vel og ný vinátta myndaðist
- Áttavitakennsla í gönguferð
- Gaman að leika við ána
- Bogfimi og klifur tókst mjög vel

- Þemað æðislegt
- Útidagskráin flott t.d. klifur, bogfimi og fjallgöngur
- Jákvætt að reyna að tengja við aðalnámskrá
- Kynnast og að ná stjórn: gekk yfirleitt vel
- Fjallgangan gekk mjög vel
- Eiminarstöðin var áhugaverð
- Ánægja með að símar og snjalltæki voru ekki með
- Póstar í umsjón kennara tókust stundum mjög vel (t.d. ratleikur)
- Grilla pylsur
- Höfðu smá frítíma sem þau gátu valið hvað þau gerðu

Má betur fara

- Leiðbeinendur voru ekki nægilega sjáanlegir og ekki nægilega skýrt hver bæri megin ábyrgð
- Vantar meiri röggsemi við stjórnun, skilaboð leiðbeinenda stundum óskýr og upplýsingaflæði ekki nægilega gott. Dæmi um þetta:
 - Meiri agi hefði hjálpað okkur
 - Leiðbeinendur fóru ekki nánar yfir dagskrána í upphafi með kennurum
- Betra er að kennrarar séu ekki með ábyrgð á sérstökum póstum og fylgi nemendum frekar eftir. Galli að vera fastur á sínum pósti
- Leiðbeinendur nýttu sér ekki reglurnar 10 sem voru búnar til sem liður í undirbúningi
- Skipuleggja betur undirbúning kennara varðandi þann póst sem þeir sjá um. Fá leiðbeiningar fyrirfram og gögn séu plöstuð
- Sum verkefni á póstunum eru of krefjandi t.d. að mæla straumhraða og tengist ekki nægilega vel áherslum í námsefni þeirra
- Fjallgangan ver mjög krefjandi
- Umræðutímarnir – of krefjandi að vera með svona stóran hóp í umræðum. Hefði þurft að vera með umræður í minni hópum
- Má vera meiri frítími – þau fara þá oftast út að leika sér

- Kvöldvaka; sum lög á kvöldin ekki við hæfi og óljóst í lok kvöldvökunnar hver átti að taka við
- Kennrarar þurftu að vaka mikið með þeim börnum sem gekk erfiðlega að sofna og voru með heimþrá. Vinnudagur kennara var því mjög langur og lítið sofið
- Óreiða (stundum glundroði) í eldhúsi og stundum kom það fyrir að ekki var nægilega mikið af mat. (Eldhúsið var að miklu leiti mannað með erlendum sjálfboðaliðum)
- Sjálfboðaliðar; hvað mega þau ræða? (kennari heyrði á spjall sjálfboðliða og barns þar sem farið var að mörkum þess sem má teljast eðlilegt spjall)
- Virkja sjálfboðaliða betur, t.d. að það væri í boði að fara að leika með sjálfboðaliðum

Annað

- Meira innlegg eða upplifun; hvað er að vera skáti og gera „skátalega“ hluti t.d. trönur, hnúta, tjalda
- Leggja meiri áherslu á hópefli m.a. í upphafi
- Þátttaka í skólabúðunum er frekar dýr – huga þarf betur að því hvernig á að fjármagna þennan þátt. Finnst að Reykjavíkurborg eigi að bjóða uppá þetta
- Börnin hafa mjög gott af því að sofa annars staðar en heima hjá sér
- Fá lista yfir búnað
- Þjálfa leiðbeinendur betur til að mæta þörfum þessa breiða hóps sem kemur og þróa leiðir til að styðja betur við leiðbeinendur í því verkefni
- Úrvinnsla eftir dvölinu: Vinna t.d. áfram með flokkun úrgangs, leiðardagbók, Ný jörð
- Gagnlegt væri að vinna saman að því hvernig best er að vinna með heimþrá
- Skortur er á samtali og samstarfi milli kennaranna og leiðbeinenda hjá ÚSÚ. Leita þarf leiða samhliða dagskránni til að styrkja það
- Möguleikar á úrvinnslu: Ritun, fræsöfnun og planta heima. Fá hugmyndabanka að vinna með þegar komið er heim (dæmi um úrvinnslu eftir dvöl er lýst í viðauka 5)

Megin þemu sem tengjast menntunarlegu gildi

Stóra spurningin fjallar líklega um hvaða gildi dvöl, eins og sú sem hér er fjallað um, hafi fyrir nemendur. Svar við henni gefur okkur m.a. innsýn í hvaða áhrif dvölin hefur á nemendur og hvers virði sú lífsreynsla sem fæst af dvöl í skólabúðum er fyrir þá sem einstaklinga og hópa. Hér verður fjallað um ýmis þemu sem fram komu í rýnihópaviðtölum við kennara og leiðbeinendur og þau sett fram í fjórum flokkum:

1. Dvöl að heiman og ný hlutverk
2. Útivera
3. Hópefli, sjálfsefli og sjálfstraust
4. Tengsl við námskrá og skólastarf

Dvöl að heiman og ný hlutverk

Það að dvelja að heiman í tvær nætur var mikil áskorun fyrir marga. Að takast á við heimþrá og standa á eigin fótum í hópi jafnaldra var líklega stærsta áskorunin. Fram kom að það gekk betur seinni nóttina því þá voru nemendur búin að sjá að þau gátu þetta og fóru því að sofa öruggari og reynslunni ríkari.

Þessar aðstæður reyna mikið á þann stuðning og umhyggju sem kennrarar og leiðbeinendur þurfa að veita nemendum og gerir kröfur til þeirra um að takast á við ný hlutverk. Þessar aðstæður, að dvelja saman að heiman með jafnöldrum, á svæði sem er framandi, gefur kost á fjölpættum tækifærum til aukinnar félagsfærni og sjálfsþekkingar (Rickinson o.fl., 2004:6). Fagfólk fær fjölmög tækifæri til að vinna með menntandi hætti með reynslu hópsins og einstaklinganna (Luckner og Nadler 1997).

Kennrarar tala t.d. um að í þessum aðstæðum hafi þeir þurft að vera í fleiri hlutverkum en dags daglega og nefna t.d. að þeir hafi verið í „mömmuhlutverki“:

L: Svo var maður soldinn eins og mamma þú veist, farðu nú í sokka og þú veist

H: Og við sjálf vorum kannski ekkert endilega bara kennararnir þarna

Í vettvangsheimsóknum skynjaði rannsakandi það sterkt hve krefjandi kennurum fannst að vinna við þessar aðstæður. Þeir voru undir miklu álagi og höfðu ekki náð að hvílast nægilega vel. Fram kom í minnispunktum rannsakanda:



Í gær þá voru kennarar mjög breyttir og lítið sofnir. Þá verður allt mun erfiðara og mikilvægt að finna leiðir til að kennarar fái stund til að ná aftur orku. Það getur tengst því að í dagskránni sé gert ráð fyrir því að kennarar geti fengið rými til að slaka á, hvíla sig eða ná að njóta þess að vera og upplifa töfra Úlfþjótsvatns (svo maður gerist nú aðeins skáldlegur).

Ný eða önnur hlutverk reyna á kennarana en gefa jafnframt kost á að vinna með siðfræði umhyggjunnar. Noddings (2005) fjallar um fjóra þætti sem þörf er á að beita til að þjálfa eða þroska umhyggju: fyrirmynnd, samræðu, æfingu og staðfestingu.

Í skólabúðunum reynir mikið á samstarf þeirra aðila sem koma með hópunum og leiðbeinendanna sem taka á móti hópunum. Mikilvægt er að leita leiða til að þróa og styrkja þetta samstarf bæði almennri upplýsingamiðlun í gegnum það að ábyrgð og hlutverk séu skýr.

Það getur verið mjög snúið að skapa rými fyrir samstarf fagfólks því að allan tímann eru krefjandi nemendur með í för sem þurfa skýran ramma og spennandi viðfangsefni að glíma við.

Fram kom í minnispunktum rannsakanda að þörf sé á að vinna meira með samtal og samstarf við kennarana. Mikilvægt sé að kennararnir átti sig vel á dagskránni, hvernig henni vindur fram, að þeir upplifi hana sem samstarfsverkefni og þeir séu öruggir í sínum verkefnum og hlutverkum. Þetta ferli á sér einkum stað í gegnum samtal og reglulega samveru kennara og leiðbeinenda allan tímann sem dvalið er. Allir fagaðilar viti hvað er í gangi varðandi dagskrána, upplýsingar gangi vel á milli fólks og allir séu virkir í að halda flæðinu í dagskránni.

Útivera barna

Börnin voru mikið úti í fjölbreyttum verkefnum. Mikil ánægja var hjá kennurum með mikla og heilbrigða útiveru og að nemendur ættu kost á að leika og læra í náttúrunni.

Margt bendir til þess að útivera barna sé almennt að minnka (Christian, ofl. 2017; Hinkley, ofl. 2017) og því er það eitt og sér að börnin séu mikið úti í náttúrulegu og ævintýralegu umhverfi í nokkra daga mjög mikilvægt. Það getur verið hvatning til þess að þau sé meira úti, en erlendar rannsóknir benda til mjög til jákvæðra áhrifa útiveru m.a. á tengsl við náttúru og bætta heilsu (Wells og Evans 2003, Louv, 2005; Rivkin og Schein, 2014).

Nemendur í sumum skólum voru vön því að vera úti í skólastarfinu, einkum í yngri bekkjum þar sem það er sumstaðar fast í stundatöflu. Eigi að síður virðist það koma sumum

kennurum á óvart hvað það er auðvelt að vera með nemendur úti og þau voru stolt af nemendum því að þeir kunnu að haga sér.

E: En ég held að ég hafi haft mesta gagnið af þessu af því að sjá hversu auðvelt það er en að vera með hópinn úti. [...] Að bara þú veist maður er vanur að vera kannski bara á skólalóðinni rétt í nærumhverfinu en þarna þú veist maður labbaði kannski að Ljósafellsþirkjuninni, þú veist 25 mínútur og það gerðist ekkert á leiðinni, þú veist maður hefur alltaf svo miklar áhyggjur af því.

H: Þau náttúrulega eru vön útikennslu í fyrsta og í öðrum bekk, það er alveg bara fast í stundaskrá og svo náttúrulega kannski aðeins minna eftir að þau verða eldri af því að þá eru færri tímar sem við höfum þannig að við vitum alveg að við treystum þeim á vettvangi og það er rosalega, mér finnst gaman að fara með þau á tónleika og mér finnst gaman að fara að af því að þau kunna að haga sér.

Rannsakanda fannst mikilvægt að átta sig á hve mikið börnin voru úti á meðan dvölinni stóð. Svo virtist sem þau hafi verið mikið úti, þrátt fyrir að veðrið væri stundum „blautt og kalt.“ Hér er svar við spurningunni hvað voruð þið mikið úti?

E: Allan tímann

H: Allan tímann

A: Nema kvöldvökuna

O: ..og þegar þau sváfu

Og nemendum fannst það bara „frábært, æðislegt“. En það var líka hægt að vera inni og sum börn kusu það þegar var frjálst að vera inni og spjalla.

G: einhver..einhver eh pínu stelpuhópur sem að vildi bara vera inni að lesa.

Tóku með sér Andrésblöð eða einhver blöð og voru bara og vildu vera bara inni, búnar að fá nóg af útiverunni [hlátur]

S: Það var alltaf hópur af strákum sem vildu bara vera inni

L: Tölvu, tölvu hérna strákarnir?

S: Já það voru þeir sko, vildu bara vera inni í herbergi eitthvað að gantast og svona

Hópefli, sjálfsefli og sjálfstraust

Skýrt kom fram þegar rætt var um ávinning barnanna af dvölinni að kennrarar töldu áhrifin vera sterkust á hópinn og tengslin milli nemenda. Þátttakan styrkti bekkjarandann og þétti hópinn annars vegar og gaf líka einstaklingum tækifæri til að vaxa. Það eykur sjálfstraust að sigrast á því að sofa að heiman, og í sumum tilfellum í fyrsta skiptið á ævinni. Kennararnir nefndu einnig að lærðómsríkt hafi verið að sjá hópinn og einstaklingana í öðru ljósi í nýjum aðstæðum. Þessar aðstæður gáfu nemendum kost á að reyna sig í nýjum hlutverkum og axla ábyrgð.

Segja má að það hafi verið nokkuð djörf ákvörðun að bjóða nemendum í 5. bekk að taka þátt í skólabúðum í tvær nætur. Sumir kennrarar voru á báðum áttum fyrir ferð hvort börnin væri of ung og tvær nætur væri of langur tíma. En í rýnihópaviðtölum eftir ferð fannst kennurum að það hentaði mjög vel þessum aldurhópi.

E: Ég hélt að þetta yrði alltof ungt [...] Hugsaði ein nótt er alveg nóg bara ekki tvær nætur þetta er allt of langt

S: Ég held að þetta sé bara fullkominn aldurshópur fyrir þetta, þeir sem eru aðeins eldri þá er komið annað vesen sko. [...] Og þeir sem eru yngri þeir bara höndla þetta ekki þannig að ég held að þetta sé bara fint

Kennrarar tala um að í skólabúðunum eiga nemendur kost á að kynnast betur.

G: Ég held að þau hafi ekki haft neitt ógagn af þessu þau bara kynntust betur og á annan hátt þau hittast mörg ekkert fyrir utan skólastofuna nema í einhverjar 10-15 mín. í frímínútum þannig að vera í svona umhverfi þar sem maður getur soldið blandast þá er þetta gott fyrir hópinn

Kennararnir tala um að sjá börnin oft í öðru ljósi og að þeir sjálfir tóku sér sumpart annað hlutverk en gerist almennt í skólanum. Þeir tala líka um að þeir sjái börnin vaxa og að þeir hafi haft gott af dvölinni.

L: Já þa.. ég er sammála því maður sá þau kannski í öðru ljósi kannski í samskiptum við þú veist við vini sína og hérna og svo að kynnast öðrum þannig að þetta var svona

E: Maður kynntist þeim svona á annan hátt

A: Já og sumir krakkar sem komu manni mikið á óvart [...] þetta eru svona öðruvísi aðstæður þannig að, önnur hlið kemur fram á börnum sem að við þekkjum ekki og það er mjög gott að kynnast þeim

Sumir kennrarar höfðu fengið endurgjöf á dvolina í skólabúðunum frá foreldrum. Almennt var hún mjög jákvæð.

A: en ég held að það þarna síðan vorum við með foreldraviðtöl núna fyrir helgi og þá voru mjög eiginlega allir foreldrar mjög ánægðir með þetta og töluðu um hvernig þetta væri þroskandi fyrir börnin og mikill sigur að hafa komist yfir það að sofa að heiman í tvær nætur

Einn af þeim þáttum sem að mati kennaranna hefur mikil áhrif er að á þessum nýja stað, á þessu hlutlausa svæði, eru allir jafnir sem gefur kost á að vinna með tengsl milli nemenda og hlutverk þeirra.

B: Og þar sem þau stjórna ekki neinu, ekki heima hjá sér eða neitt, ég held það sé soldið fyrst og fremst það [...] þegar þú ert heima þá kannski ræður þú, en þarna er bara, eru allir jafnir, eru allir á nýjum stað og

G: Þetta er svona hlutlaust svæði

Tengsl við námskrá og skólastarf

Ýmis sjónarmið komu fram varðandi hvaða þætti mikilvægt væri að leggja áherslu á í skólabúðunum. Í þróunarverkefninu Jörð2 var markmiðið að efla námsþáttinn náttúrvísindi í dagskránni samhliða öðrum þáttum. Dagskráin tengist ýmsum námgreinum að mati kennara

m.a. náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni. Þegar litið er á ýmsa þætti námskrár þá telja kennarar að reynsla af þátttöku í skólabúðum „þétti hópinn“ og að unnið sé með samskipti og félagsfærni. Einnig að rík áhersla sé á heilnæma útiveru og að þessi reynsla eflí trú nemenda á sjálfa sig. Þessir þættir eru í sérstökum samhljómi við þrjá af fimm þáttum sem fram koma í drögum að nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar⁷. Þar er lögð megináhersla á fimm þætti í formlegri og óformlegri menntun barna og ungmenna sem eru: félagsfærni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði. Mikilvægt er að starfið í skólabúðunum taki mið af þessari stefnumótun þannig að það sé í takt við áherslur Reykjavíkurborgar í skóla- og frístundastarfi.

Jörð2 var tilraun ÚSÚ til að bjóða uppá nýja dagskrá í skólabúðunum sem tók meira mið af námskrá og höfðaði jafnframt til yngri barna en að öllu jöfnu hafa dvalið í skólabúðunum⁸. Ekki gafst kostur á að prufukeyrar þessa dagskrá áður en þróunarverkefnið var sett af stað og því ýmislegt sem þurfti að endurskoða í ljósi reynslunnar. Rannsakandi skynjaði það sterkt í vettvangsathugunum og í samtlum við leiðbeinendur skólabúðanna að stöðugt var leitað leita við að gera betur innan þess ramma sem þurfti að vinna.

Fram kom í rýnihópaviðtölum við kennara að ýmislegt var fært til betri vegar með aukinni reynslu leiðbeinenda og með samtali við kennara og nemendur. Það er mikilvægt í þróunarverkefni sem þessu að huga vel að leiðum til að þróa það og leggja sig fram um að eiga samtal milli þeirra faghópa sem koma að verkefninu.

Fjölbreytt sjónarmið komu fram varðandi áherslur í dagskrá. Þemað Jörð2 fannst mörgum kennurum mjög áhugavert og gefa fjölbreytta möguleika á skapandi vinnu með ævintýraheim. Þörf hefði verið á að vinna markvissar með þennan heim sem var skapaður og láta hann lita alla dagskrána og umhverfi meira.

S: Þetta var frábær hugmynd með þetta jörð2 það er flott að tala um vísindin og allt þetta sko en það mætti kannski annaðhvort droppa því eða fara lengra með það og passa að það sé haldið utan um þetta þið eruð út í geim, það gætu verið geimverur

⁷ Sjá drög að *Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 „Látum draumana rætast“*

á https://reykjavik.is/sites/default/files/menntastefna_reykjavikur_250418_drog_til_umsgnar.pdf

Vert er að hafa í huga að mikil reynsla er á Úlfliðsvatni af rekstri *sumarbúða* fyrir þennan aldurshóp og því þekktu leiðbeinendur vel til þarfa þessa hóps.

Liður í nýrri dagskrá var að virkja kennarana í framkvæmd á einum póstinum sem var að mæla á straumhraða, gæði vatns, ph gildi og fleira. Kennurum fannst þeir ekki nógu vel undirbúnir að framkvæma verkefnið og gögnin stundum ekki nægilega góð og jafnvel verkefnin of krefjandi fyrir nemendur.

A: *Maður var bara nýbúinn að sjá þetta og krakkarnir mættir og þú bara áttir að kenna þetta sem þú hefur aldrei séð áður*

H: *Maður hefði viljað undirbúa sig*

L: *Það hefði alveg verið hægt að senda okkur í tölvupósti*

H: *Það var eiginlega bara miðað við menntaskóla sum verkefnin*

K: *Þetta tengist ekkert þeirra námsefni þarna í náttúrufræðunum*

Vert er að hafa í huga að um 20 nemendur voru á hverri stöð í einu og þegar lagt var upp með mikla virkni þeirra við mælingar og úrlausn verkefna þarf vinnulag að vera mjög þróað og skýrt. Á sumum stöðvum, þar sem vinna á með flókin verkefni t.d. í náttúrvísindum, er e.t.v. þörf á meira stuðningi inn í dagskána og hugsanlega að skipta nemendum í minni hópa.

Í viðtölunum var tenging við námskrá mikið rædd. Náttúrufræði var oft nefnd, en:

A: *Það er kannski meira, já en þetta var alveg eins stærðfræði, íslenska, lífsleikni náttúrulega út í gegn, samfélagsfræði það er hægt að tengja þetta við allt en ég get ekkert séð hvernig þetta tengist ákveðið við neitt eitt. En stundum þarf þetta heldur ekkert endilega að tengjast við eitthvað stundum þarf þetta bara að vera eins og að þjappa þeim saman, þau læra af því félagsleg samskipti og þau eru ekkert voðalega dugleg í því.*

Megin niðurstæða kennara var að líklega sú reynsla sem nemendur öðluðust í skólabúðunum tengist aðallega félagslegum samskiptum.

L: *Þau læra kannski mest af því*

A: Mörg þeirra eru bara að hafa samskipti með tölvuna hjá sér eða iPadinn þannig að það er kannski soldið öðruvísi að hafa samskipti þar sem það eru engin raftæki

H: Engin truflun

E: Og kannski svona að leysa deilur, ég held þau hafi bara lært mest af þessu að þurfa soldið að stóla á sig sjálf að heiman og ekki foreldrar að bjarga þeim heldur við

Í skólabúðunum reynir á sjálfstæði nemenda og að standa á eigin fótum. Hlutverk kennara og leiðbeinenda er í sameiningu að veita nemendum þann stuðning og skapa þær aðstæður sem gerir öllum nemendum kleift að standa á eigin fótum og öðlast ánægjulega reynslu af dvölinni.

6. Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að lýsa reynslu og viðhorfum kennara og starfsfólks ÚSÚ af dvöl í skólabúðum á Úlfljótsvatni með áherslu á gildi og gagnsemi þeirrar dvalar fyrir nemendur, kennara og almennt skólastarf. Dvöl í skólabúðum er einn birtingarmynd útimenntunar (e. Outdoor education) en það svið menntamála hefur á liðnum árum fengið aukna athygli fræðimanna bæði á Íslandi og erlendis. Viðfangsefnið útimenntun er víðfeðmt og dvöl í skólabúðum getur haft fjölbreytt áhrif á þátttakendur og gildi dvalarinnar fyrir skólastarf geta verið ýmiskonar, allt eftir því hvernig að málum er staðið. Markmiðið með þessari skýrslu er ekki að leggja mat á gildi skólabúða almennt eða það starf sem unnið er í Útilífsmiðstöðunni á Úlfljótsvatni. Einvörðungu er leitast við að fá innsýn í reynslu fagfólks af þróunarverkefninu Jörð2 og hvernig það metur gildi þeirrar reynslu vera fyrir nemendur, kennara og almennt skólastarf.

Við rannsóknina og samantekt á skýrslunni vöknudu ýmsar spurningar sem þörf er að skoða nánar, t.d. *af hverju koma sumir nemendur ekki með, hvernig er vænlegt að vinna með reynsluna úr skólabúðum og hvernig styrkja má samstarffagfólks í skólabúðunum og kennara.* Eins og getið er í skýrslunni þá er mikilvægt að leita leiða til þess að *skapa starfi skólabúða eins og reknar eru af ÚSÚ fjárhagslegar og faglegar forsendur til lengri tíma litið.* Þannig er

mögulegt að skapa nemendum í grunnskólum þau menntunarlegu tækifæri sem felast í dvöl að heiman þar sem vel menntað og reynslumikið fagfólk leiðir starfið í góðu samstarfi við kennara úr daglegu umhverfi nemenda.

7. Heimildaskrá

Anna Margrét Tómasdóttir. (2017). Ungmenna- og tómstundabúðir sem stuðningur við menntun unglings. Óbirt lokaritgerð til M.Ed prófs. Sótt á <http://hdl.handle.net/1946/28437>

Benjamín Axel Árnason og Ólafur Proppé (ritstjórar). (2014). Kjarni Skátastarfs. Reykjavík: Bandalag íslenskra skáta.

Donaldson, G. og Donaldson, L. (1958). Outdoor education: A definition. *Journal of Physical Education, Recreation and Dance*, 29(17), 17 og 63.

Gilbertson, K., Bates, T., McLaughlin, T. og Evert, A. (2006). *Outdoor Education. Methods and strategies*. Champaign IL: Human Kinetics.

Higgins, P. og Nicol, R. (ritstj.) (2002). *Outdoor education: authentic learning in the context of landscapes*. Vol. 2. Kísa: á. útg.

Hinkley, T., Cliff, D., Lum, J., & Hesketh, K. (2017). Active minds happy kids: A stealth-based pilot intervention targeting preschoolers' screen-time, outdoor play and social skills. *Journal of Science and Medicine in Sport*, 20, e3-e4.

Lions á Íslandi. (e.d.). Lion Quest. Sótt af <http://www.lions.is/is/moya/news/lions-quest>

Louv, R. (2005). *Last child in the woods: Saving our children from nature deficit disorder*. Chapel Hill, NC: Algonquin Books.

Luckner, J. L. og Nadler, R. S. (1997). *Processing the experience. Strategies to Enhance and Generalize Learning* (2. útg.) Dubuque Iowa: Kendall/Hunt Books.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2009). Ungt fólk 2009. 8., 9. og 10. bekkur. *Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Noddings, N. (2005). *The Challenge to Care in Schools: An Alternative Approach to Education* (2. útg.) New York: Teachers College Press.

- Rickinson, M., Dillon, J., Teamey, K., Morris, M., Choi, M.Y., Sanders, D. og Benefield, P. (2004). *A Review of Research on Outdoor Learning*. London: National Foundation for Educational Research and King's College London.
- Rivkin, M.S. og Schein, D. (2014). *The great outdoors: Advocating for natural spaces for young children*. Washington, DC: National Association for the Education of Young Children
- Sigurður Jónsson. (1992, 11. janúar). Skólabúðir á Úlfljótsvatni fyrir grunnskóla Reykjavíkur Selfossi. Mbl.is. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/80903/>
- Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni. (2016). Skólabúðir á Úlfljótsvatni. Sótt af http://skolabudir.ulfljotsvatn.is/?page_id=386
- Wells, N. M., & Evans, G. W. (2003). Nearby nature: A buffer of life stress among rural children. *Environment and behavior*, 35(3), 311-330.

8. Viðaukar

Viðauki 1 - Kynningarefni um Jörð2



Skólabúðir á Úlfljótsvatni

Veturinn 2017-2018: Jörð 2



Kæri nemandi. Við hlökkum til að fá þig til okkar í skólabúðirnar á Úlfljótsvatni. Vinsamlegast sýndu foreldrum/forræðamönnum þínum þetta bréf svo þeir geti hjálpað þér að undirbúa ferðalagið. Til dæmis að pakka örugglega réttu fótunum! Í bréfinu finnurðu líka vísbindingu um hvað við erum að fara að gera í skólabúðunum, en sumt á auðvitað að koma á óvart ;-). Við sjáumst svo hress eftir nokkra daga!

Kveðja, starfsfólk Í Úlfljótsvatni



Jörð 2 er hugsað sem hluti af skólastafni og er aðlæg að stytja við námsfni og markmið aðalnámskrár.

Geimferðin á Úlfljótsvatn

Þegar nemendur fara upp í rútuna til að fara í skólabúðir eru þeir í raun að stíga upp í geimskip sem flytur þá til nýuppgötvaðrar plánetu sem heitir Jörð 2. Þar munu nemendur hjálpa leidangursstjóra og rannsóknarteymi að kanna aðstæður á nýju plánetunni og undirbúa komu jarðarbúa sem villja setjast þar að. Margt þarf að skoða og rannsaka, en það þarf líka að ákveða hvaða reglur eiga að gilda á nýju plánetunni, hvað að að borð og hvað að að gera við ruslð. Geimfararnir munu líka upplifa ævintýr í gönguferðum og útvistardagskrá, því nýja plánetan verður líka að vera skemmtilegur óvalarstaður.

Útbúnaðarlisti:

- Svefnþoki (og koddi ef vill)
- Handklæði
- Tannbursti, tannkrem, hárbær o.p.h.
- Vatns- og vindheldur fatnaður
- Hlíð peysa
- Góðar útibuxur, t.d. flisibuxur eða æfingabuxur. Helst ekki gallabuxur (verða þungar og kaldar ef þær blotna).
- Ullarnærföt eru góður kostur undir.

- Gummistigvél eða vatnsvandrir skór (t.d. góðir gönguskór). Þetta er það sem flestir gleyma en er mjög mikilvægt.
- Tvennir ullarsokkar
- Húfa og vettlingar
- Léttur innifatnaður, skyrtar, bolur, buxur, jogging-galli eða þess háttar
- Vasaljós (ef á)
- Fót til skiptana (líka nærföt, ef allt blottnar)
- Góða skapið!

Mikilvægt að muna:

- Merkja allan fatnað.
- Ekki er í boði að taka með sér saelgæti, snakk eða godstrykki. Ekki heldur GSMSima, útvarp, iPod eða aðra tónlistarspilara.
- Engin ábyrgð er tekin á fjármunum nemenda, enda engin þörf fyrir þá.
- Ef nemandi er haldinn sjúkdómi eða kvilla, eða þarf að taka lyf reglulega, verður forráðamaður að gera bekkjarkennara grein fyrir því.
- Ef nemandi þarf sérstakt mataraði verður að láta vita af því timanlega.

Gott að vita:

- Á Úlfljótsvatni hafa verið reknar skólabúðir í yfir 20 ár.
- Boðið er upp á fjölda dagskrátráða sem byggjast m.a. á náttúrufræði, íþróttum, lífslíkni og fjölmörgum öðrum greinum.
- Áhersla er lögð á að öllum líði vel. Höpurinn er þéttur, til dæmis með hópefli og öðrum verkefnum sem þroska samvinnu.



www.ulfljotsvatn.is • www.sumarbudir.is • www.campiceland.com • www.facebook.com/tjaldusu



Viðauki 2 - Upplýsingabréf til skólastjóra um þróunarverkefnið

31. ágúst 2017

Sæl öll.

Nú styttist í ferð 5. bekkjar í skólabúðirnar á Úlfþjótsvatni. Áður en af því verður eru nokkur atriði sem þarf að sinna, sem tengjast rannsóknarverkefninu og skólabúðunum almennt, og bið ég ykkur um að lesa vel í gegnum þetta bréf. Eins hengi ég aftur við upplýsingar til kennara, og eins upplýsingar til nemenda/foreldra (ef þið viljið dreifa því).

Ég vil líka nota tækifærið og biðjast afsökunar á að við erum 1-2 vikum á eftir áætlun með útsendar upplýsingar og fleira, sem orsakast af öllu veseninu sem nóróveiran olli okkur fyrr í mánuðinum. Sökum þess er tímarammi okkar dulítið knappur, en ég vona að það komi ekki að sök. Við höfum verið í sambandi við skólastjórnendur fyrr í mánuðinum varðandi breytta tíma þar sem þess hefur gerst þörf.

Eins og þið vitið er um rannsóknarverkefni að ræða þar sem reynt verður að fá yfirsýn yfir þau áhrif sem heimsókn í skólabúðir hefur. Stjórnandi rannsóknarinnar er Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjúnkt í tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands.

Næstu skref eru þessi:

- Kennrarar undirbúa hópinn fyrir komu. Sjá leiðbeiningar í viðhengi. Þetta er mjög mikilvægur hluti af ferðinni.
- Hver skóli tilnefnir einn tengilið við skólabúðirnar vegna rannsóknarverkefnisins (vinsamlegast sendið [áulfhljotsvatn@skatar.is](mailto:ulfhljotsvatn@skatar.is)). Hlutverk tengiliðs er fyrst og fremst að tryggja að útsendar upplýsingar komist til skila, og að skólinn sendi nauðsynlegar upplýsingar (s.s. varðandi fæðuofnæmi).
- Tengiliður staðfestir fjölda nemenda og kennara sem von er á í skólabúðirnar.
- Heimsóknir í skóla í næstu viku. Um tvennskonar heimsóknir er að ræða:
 - Hægt er að óska eftir því að starfsfólk skólabúðanna komi í heimsókn í skólann ykkar og tali við nemendur (og eftir atvikum foreldra/forráðamenn). Það er kennara að ákveða hvort óskað sé eftir slíkri heimsókn. Hægt er að gera það með því að senda póst á ulfhljotsvatn@skatar.is eða með því að hringja í undirritaða í síma 694 7614.
 - Stjórnendur skólabúðanna og Jakob Frímann hitta kennara í hverjum skóla stuttlega í smá samtal og öflun fyrstu gagna. Þessar heimsóknir verða sem hér segir (vinsamlegast látið okkur vita hvaða tímasetning er hentugust fyrir ykkur, innan þessa ramma):
 - Breiðagerðisskóli og Austurbæjarskóli 7. september á tímabilinu kl. 13-16.

- Vesturbæjarskóli, Rimaskóli 8. september á tímabilinu kl. 13-16
- Hólabrekkuskóli 25. september á tímabilinu kl. 13-16

- Heimsókn í skólabúðirnar:
 - Breiðagerðísskóli 11-13 sept.
 - Austurbæjarskóli 13-15 sept.
 - Vesturbæjarskóli 18-20 sept.
 - Rimaskóli 20-22 sept.
 - Hólabrekkuskóli ??

- Eftir heimkomu vinna nemendur áfram með viðfangsefni heimsóknarinnar. Sjá leiðbeiningar í viðhengi. Gengið er út frá því að sú vinna sé a.m.k. komin vel á veg þegar rýnihópafundir fara fram.
- Rýnihópafundir þar sem rætt er um heimsóknirnar í skólabúðirnar. Þeir verða sem hér segir:
 - 1) Rýnihópaviðtal A fari fram 3. október kl. 15.00 - Breiðagerðísskóli og Austurbæjarskóli.
 - 2) Rýnhópaviðtal B fari fram 17. október kl. 15.00 - Vesturbæjarskóli, Rimaskóli og Hólabrekkuskóli

Þá er það ekki fleira í bili. Ef þið hafið einhverjar spurningar, endilega verið ófeimin við að hafa samband. Ég veit að listinn hér fyrir ofan lítur út fyrir að vera langur, en hvert atriði er til þess að gera smátt í sniðum og því ekki mjög tímafrekt.

Að lokum vil ég þakka ykkur fyrir að taka þátt í þessu verkefni með okkur, það mun veita mikilvæga innsýn í hlutverk og möguleika skólabúða.

Með bestu kveðju,

Elín Esther.

Viðauki 3 – Viðtöl fyrir og eftir dvöl í skólabúðum

Efnisþættir í undirbúningsviðtali

- Markiðið með samtalinn er að koma á framfæri mikilvægum upplýsingum, fá hjá ykkur upplýsingar og ræða væntingar og hlutverk.
- Væntingar ykkar til þessa verkefnis og dvalarinnar í skólabúðunum á Úlfljótsvatni.
- Tilurð og undirbúnингur. Hvernig kom það til að þið ákváðuð að taka þátt? Hvernig hafið þið staðið að undirbúningi fyrir ferðina?
- Hlutverk og ábyrgð í þessu verkefni / eða þegar þið dveljið á Úlfljótsvatni
- Forhugmyndir um hvað nemendurnir fái út úr þessu, þ.e. hver er menntunarlegur ávinningur
- Möguleiki á að vinna með reynslu nemenda í skólanum eftir að dvöl lýkur

Uppbygging viðtala í rýnihóp

1. Rifjum fyrst almennt upp dvöl ykkar á Úlfljótsvatni
2. Hvað ykkur fannst takast vel og hvað má betur fara í starfinu/dagskránni og hvað varðar samstarf/samskipti starfsfólks á Úlfljótsvatni og starfsfólks skólanna.
3. Rýnum svo í reynslu ykkar af dvölinni og hvaða gildi þið teljið hana hafa fyrir nemendur, kennara og skólastarfið almennt.
4. Annað að lokum

Viðauki 4 - Skilgreiningar á hugtökum

Stuttar almennar lýsingar

Útivera

- Það er vera úti

Útivist

- Styttri eða lengri ferðir og dvöl fólks úti

Útilíf *

- Dvöl og líkamleg virkni utandyra í frítíma með það að markmiði að komast í nýtt umhverfi og upplifa náttúruna

Útikennsla *

- Athöfnin að kenna t.d. námsgreinar, færni eða leikni úti

Útinám *

- Það nám sem á sér stað hjá þátttakendum við það að upplifa úti

Ævintýranám *

- Virk námsreynsla sem á sér stað í nánum samskiptum við náttúruna og felur í sér raunverulega eða skynjaða óvissu og áhættu

Útimenntun

- Fagið og fræðin sem lýsa og greina þá menntun sem á sér stað úti


* Vakin er athygli á nánari skilgreiningu stjörnumerktra hugtaka í www.ordabanki.hi.is

Viðauki 5 - Myndir

Dæmi um úrvinnslu nemenda í skólanum eftir dvöl í skólabúðunum

Rannsóknin fól ekki í sér að ræða beint við nemendur eða rýna sjónarmið þeirra af dvölinni. Kennarar voru beðnir um að gefa aðeins innsýn í það með hvaða hætti var unnið með reynslu þátttakenda af dvölinni. Hugmyndin var að fá innsýn í þá vinnu og geta, þegar til framtíðar er litð, sett fram hugmyndir að leiðum og verkefnum sem hægt væri að vinna þegar heim er komið sem fela í sér að heimsækja reynsluna; hvað var eftirminnilegt og með hvaða hætti mætti læra af þessari reynslu.

Rannsakandi bað kennara að halda vel utan um þau gögn sem urðu til í þessu þróunarverkefni m.a. það sem nemendur gerðu eftir að þeir komu aftur í skólann. Ýmsar leiðir voru farnar. Í einum skóla var nemendum gefinn kostur á að teikna myndir af því sem var eftirminnilegast. Annað verkefni var að vinna þrívít verk úr endurnýttu efni um það sem var skemmtilegast að gera á Úlfþjótsvatni. Þau verk sem nemendur sköpuðu voru t.d dæmis um fjallgönguna, ratleikinn, „Úlfþjótsvatn got talent“ og klifurvegginn.





Myndir úr dagskrá

